

SANDLÖPARE


Kynntu þér villtu dýrin
á afrísku gresjunni



Stígðu inn í ævintýraheim gresjunnar

Dýrin í **SANDLÖPARE** vörulínunni eru innblásin af dýralífinu á afrísku gresjunni.

Lærðu meira um dýrin sem búa þar, áskoranirnar sem þau standa frammi fyrir og hvað við getum gert til að vernda þau. Saman getum við gert gæfumuninn!



Orðabók gresjunnar

Veistu hvað?

Blettirnir mínir og rendurnar á sebrahestinum eru jafn einstök og fingraförin þín.

Vistkerfi: Samfélag lífvera sem hafa samskipti hver við aðra og umhverfi sitt. Þetta getur verið allt frá tjörn til skógar.

Lífbelti: Umhverfi með ákveðinni gróðurgerð og loftslagi, svo sem skógar, eyðimerkur, gresjur og freðmýri.


Búsvæði: Staður með fullkomnum skilyrðum fyrir ákveðna lífveru til að lifa af, svo sem rakt umhverfi undir trjából fyrir salamöndru.

Jurtaætur: Dýr sem éta plöntur.

Kjötætur: Dýr sem borða kjöt.

Alætur: Dýr sem borða bæði plöntur og kjöt.

Grotætur: Dýr sem éta dýraúrgang eða aðrar lífrænar leifar.




Viðkvæmt vistkerfi

Gresjan er heimkynni sumra af stærstu og ótrúlegustu spendýrum jarðar. Hún einkennist af graslendi með dreifðum trjám þar sem trjákrónurnar ná ekki saman og þar sem mestur hluti úrkomunnar fellur á einni árstíð.

Gresjur þekja um það bil 20% af yfirborði jarðar og eru að finna í hlýju loftslagi milli eyðimerkur og skóglendis í Afríku, Ástralíu, Suður-Ameríku og Asíu.


Veistu hvað?

Augun á jurtaætum eru oft á hliðum höfuðsins svo að þær komi betur auga á rándýr úr ólíkum áttum. Aftur á móti þá hafa rándýr augu framan á höfðinu til að geta betur metið fjarlægðina að bráðinni.



Hvert einasta dýr og hver einasta planta á gresjunni gegnir mikilvægu hlutverki við að viðhalda viðkvæmu viskerfi. Plönturnar fæða grasæturnar sem éta grasið og koma í veg fyrir að jörðin breytist í eyðimörk með því að flytja sig á milli svæða.

Grasæturnar eru bráð kjötætanna. Saurbjallan safnar skít frá þeim öllum og grefur hann í jörðu. Þannig verður til áburður fyrir nýjar plöntur sem vaxa.



Fílar eru stórkostleg dýr sem ryðja niður trjám og grafa eftir vatni þar sem ekkert yfirborðsvatn er að finna. Smærri dýr og skordýr eiga þá auðveldara með að finna fæðu, vatn og ferðast á milli svæða.



Veistu hvað?

Svörtu blettirnir og rendurnar undir augunum okkar verja okkur fyrir glampa sólarinnar og virka eins og náttúruleg sólgleraugu.



Blettatígur

Ég er blettatígur, hraðskreiðasta landdýr í heimi og stærsta kattardýr í Afríku sem er í útrýmingarhættu. Feldurinn minn er drappaður og alsettur svörtum deplum. Ólíkt öðrum stórum kattardýrum öskra ég ekki, þess í stað tísti ég, gelti og mala til að ná athygli vina minna. Ég er með langa fætur og grannan líkama og get náð allt að 110 kílómetrum á klukkustund á aðeins þremur sekúndum.

Fæddur til að hlaupa

Ég er skapaður til að hlaupa hratt. Sveigjanlegur hryggurinn skýtur mér áfram eins og gormur og klærnar mínar eru eins og naglar á hlaupaskóm. Langa rófan hjálpar mér að stýra og skipta um stefnu á miklum hraða.



Þyngd: 30–65 kg



Lengd: 150 cm, 220 cm með rófu



Fjöldi afkvæma: 1–6



Fæða: Kjötæta



Æviskeið: 12–15 ár

Heimild: Nordens Ark

Kettlingur í dulbúning

Þegar ég var kettlingur var ég mest berskjaldaður. Til að blekkja rándýr eins og ljón og hýenur fæddist ég með þykkan, silfurgráan feld niður bakið og dekkri feld á fótum og kviði til að líkjast hunangsgreifa sem er bæði árásargjarn og óttalaus.

Því minna landsvæði, því meiri þörf á að berjast fyrir því

Okkur fækkar því mennirnir taka yfir veiðilendur okkar og nota fyrir landbúnað. Þar sem búsvæði okkar minnkar lendum við í samkeppni við önnur rándýr sem ráðast á kettlingana okkar og stela bráð okkar.

Veistu hvað?

Kettlingarnir mínir fylgja mér eftir með því að elta löngu rófunu mína í háu grasinu.





Simpansi

Ég er simpansi og er næstgáfaðasti prímatinn í heiminum. Geturðu giskað á hver er í fyrsta sæti? Ég deili 98% af sömu genum og þið mennirnir. Eins og þið verð ég tilfinningasamur og knúsa til að sýna ást. Ég hef gaman af hrekkjum og tjái mig með látbragði, hljóðum og svipbrigðum. Ég er með sveigjanlega þumalfingur og get því notað verkfæri og gripið hluti með höndunum. Ég er líka með sveigjanlegar stóru tær þannig að það er næstum eins og ég sé með fjórar hendur.

Hreiðurgerð í trjám

Ég bý í og við trén á gresjunni með mörgum öðrum simpönsum og við sofum í hreiðrum sem við byggjum í trjánnum. Ég tíni lýs og óhreinindi úr feldi vina minna og fjölskyldumeðlima til að halda þeim hreinum, styrkja samböndin okkar og til að sýna að mér þyki vænt um þá.

Veidd til matar og veikjumst auðveldlega

Þó það sé ólöglegt að veiða okkur þá er kjöt af villtum dýrum helsta próteinuppsprettan á sumum svæðum í Afríku. Við erum líka viðkvæm fyrir sömu smitsjúkdómum og þið, eins og ebóluveirunni og öndunarfærasjúkdómum. Rannsóknir og túrismi geta því haft skaðleg áhrif á okkur.

Veistu hvað?

Ég held mér fast í feldinn á kviði móður minnar fyrstu sex mánuðina. Eftir það er ég alltaf á bakinu á henni þar til ég verð tveggja ára.



-  **Þyngd:** 32–60 kg
-  **Lengd:** 100–170 cm
-  **Fjöldi afkvæma:** 1–2
-  **Fæða:** Alæta
-  **Æviskeið:** 45 ár

Heimild: Nordens Ark

Jarðköttur

Ég er jarðköttur. Ég er með þunnan, gráleitan feld og dökka húð á maganum sem hjálpar mér að stjórna líkamshitanum. Ég er með svarta bletti undir augunum til að draga úr glampa sólarinnar. Ég bý í holum í jörðinni ásamt ættflokki mínum sem telur allt að 50 meðlimi. Við hjálpumst öll að við að safna mat, vara við rándýrum og annast ungana okkar, sama hverjir foreldrarnir eru.

Alltaf á verði

Jarðkettir eru taldir vera fæða fyrir mörg önnur dýr og þess vegna erum við alltaf á varðbergi. Þegar ég er á vakt þá stend ég á afturfótunum og nota skottið til að halda jafnvægi á meðan ég stend vörð. Ef ég sé rándýr nota ég ólík viðvörðunarköll eftir því hvort það er á landi eða í lofti. Það segir hópnum mínum hvernig á að bregðast við; ef það er fugl er besta vörnin að fara neðanjarðar en ef það er snákur þurfum við öll að koma og hrekja hann í burtu.

Sjálfsbjargarviðleitni

Ég er gerður til að lifa af á þurrum gresjum og þarf ekki að drekka vatn. Þess í stað fæ ég allan þann vökva sem ég þarf úr skordýrunum sem ég ét. Uppáhaldsmaturinn minn eru sporðdrekar. Engar áhyggjur, ég er ónæmur fyrir sporðdrekaeitru.



© Inter IKEA Systems B.V. 2025

Veistu hvað?

Þegar við sofum þá kúrum við ofan á hvort öðru í einni risahrúgu.

-  **Þyngd:** Minna en 1 kg
-  **Lengd:** 29 cm (og 19 cm rófa)
-  **Fjöldi afkvæma:** 1–2
-  **Fæða:** Alæta
-  **Æviskeið:** 12–14 ár

Heimild: Nordens Ark

Viðkvæmir fyrir veðri

Við erum ekki í útrýmingarhættu en heimili okkar og lífsviðurværi eru háð veðurfari. Þurrkar og úrhellisrigningar sem fylla göngin okkar geta haft mikil áhrif á lífslíkur okkar.





Sebrahestur

Ég er sebrahestur. Ég er mjög félagslyndur og tilheyri stórum hóp sem kallast hjörð. Ég er þekktur fyrir svartar og hvítar rendur. Rendurnar mínar eru einstakar, alveg eins og fingraförin þín, og þannig þekkjum við hvert annað í hjörðinni.

Baráttuhugur

Ég lít út fyrir að vera blíður og friðsamur en ég er þó ekki hræddur við að berjast fyrir þeim sem mér þykir vænt um. Ef rándýr eins og ljón, hýenur eða hlébarðar ógna hjörðinni þá myndum við saman hálfhring og snúum okkur að rándýrinu og gerum okkur tilbúin til að ráðast á það. Ef einn okkar er særður eða slasaður myndum við hring utan um hann og reynum að vernda hann.

Samvinna fer yfir landamæri

Á hverju ári ferðast ég langar vegalengdir og í leit minni að ferskvatni og grænum beitolöndum fer ég yfir ótal manngerð landamæri. Þess vegna er verndunarstarf þvert yfir landamæri mikilvægt fyrir tilvist mína. Það er mikilvægt að lönd sem deila náttúruauðlindum vinni saman að því að vernda náttúruna sem þeim hefur verið treyst fyrir. Sem betur fer er nú forgangsatriði að vernda leiðir okkar í Austur-Afríku.



Þyngd: 200–450 kg



Lengd: 220–250 cm



Fjöldi afkvæma: 1



Fæða: Jurtaæta



Æviskeið: 25 ár

Heimild: Nordens Ark

Veistu hvað?

Þegar við stöndum saman í hjörð skapa rendurnar okkar sjónhverfingu sem ruglar rándýr eins og ljón. Ljón eru litblind og sjá aðeins stóran, hreyfanlegan massa sem líkist svolítið grasinu og gerir þeim erfitt fyrir að einangra eitt okkar og ráðast á.



Gíraffi

Ég er gíraffi, hávaxnasta dýr jarðar. Þú þekkir mig líklega á langa hálsinum og gulbrúna blettótta feldinum. Ég næ í efstu greinar akasíutrjáa og 50 cm langa, sterka, svarbláa tungan mín tryggir að ég meiði mig ekki á þyrnum þeirra. Ég er mjög mikilvægur fyrir vistkerfið þar sem ég hjálpa til við að snyrta trén og dreifa fræjum.

Fæddur hávaxinn

Um leið og ég fæddist féll ég niður á jörðina úr tveggja metra hæð. Þegar ég stóð á fætur var ég 182 cm, hærri en flest fullvaxta fólk. Fyrstu vikuna óx ég um 2,5 cm á hverjum degi. Fullvaxta karldýr getur orðið sex metra hátt.

Matur fram yfir svefn

Ég eyði 16–20 klukkustundum á dag í að borða. Ég get borðað allt að 30 kíló af laufum og greinum á dag. Ég þarf ekki mikinn svefn og tek yfirleitt bara stutta lúra í 5–30 mínútur. Til öryggis sef ég yfirleitt standandi en ég get líka sofið liggjandi eða sitjandi.

Okkur fækkar

Undanfarin 30 ár höfum við vinir mínir horft upp á stofninn fækka um næstum 40% vegna taps á beitolandi. Nú er þó verið að vinna að verndunaraðgerðum með búsvæðastjórnun og verndunarverkefnum.

Veistu hvað?

Þar sem ég er hávaxinn hef ég einkabirgðir af fæðu hátt uppi sem flest önnur dýr ná ekki til.

-  **Þyngd:** 800–1600 kg
-  **Lengd:** 450–600 cm
-  **Fjöldi afkvæma:** 1
-  **Fæða:** Jurtaæta
-  **Æviskeið:** 28 ár

Heimild: Nordens Ark



Flóðhestur

Ég er flóðhestur. Flest dýrin á gresjunni eru hrædd við mig. Ég er með stóran og sterkan kjaft sem ég get opnað í allt að 180 gráður. Tennurnar í neðri gómnum kallast skögultennur og geta orðið 50 cm langar. Þú heldur kannski að ég noti fræga munninn minn til að éta önnur dýr en ég er jurtaæta og ét aðallega gras.



Þyngd: 1.300–3.200 kg
(eins og 3 bílar)



Lengd: 3,5 m



Fjöldi afkvæma: 1



Fæða: Jurtasæta



Æviskeið: 40 ár

Heimild: Nordens Ark

Hestur í flóði

Nafnið „hippopotamus“ er forngríska sem hægt er að beinþýða sem „flóðhestur“. Ég bý í vatninu og held mér þannig svölum á heitum dögum afrísku gresjunnar. Augun, eyru og nasirnar eru efst á höfðinu mínu svo ég geti verið á varðbergi. Ég get ekki andað í vatni en ég get haldið niðri í mér andanum í allt að 5 mínútur. Þó að ég sé stór þá er auðvelt fyrir mig að hreyfa mig með því að hoppa, ganga eða hlaupa á árfarveginum. Á næturnar, þegar það er svalara veður, fer ég upp á land til að borða.

Veiddur fyrir bein

Þegar bann við fílabeini fékk meiri stuðning fór fólk að leita að öðrum kostum og útflutningur á skögultönnunum okkar jókst um rúm 530%. Ef margra tonna grasætur eins og ég hverfa af gresjunni mun það hafa áhrif á alla sem hér búa.

Veistu hvað?

Ég þarf ekki sólarvörn þar sem rauður vökvi kemur úr svitaholunum mínum og ver húðina mína fyrir sólbruna og sýkingum.





Marköttur

Ég er marköttur, ég er algengasti api afrísku gresjunnar. Þú þekkir mig á gráa og hvíta feldinum og svörtu andliti.

Svefn og matur

Hópurinn sem ég tilheyri kallast flokkur og við erum yfirleitt um 25-50 talsins. Við sofum í trjám og förum snemma á morgnana að leita að æti á jörðinni. Ég er alæta og borða nánast allt sem ég finn, allt frá blómum og fræjum til eðla og eggja. Þegar sólin er hæst á lofti tek ég mér blund og hvíli mig í nokkra klukkutíma áður en ég byrja aftur að leita að æti þar til dagurinn er á enda.



Þyngd: 3–5kg



Lengd: 40–60 cm,
30–50 cm skott



Fjöldi afkvæma: 1



Fæða: Alæta



Æviskeið: 12–24 ár

Heimild: Nordens Ark

Samskipti eru lykilatriði

Við höfum þróað flókið viðvörunarkerfi til að vara hvert annað við þegar rándýr eru nálægt. Auk hljóða notum við líka líkamstjáningu til að eiga samskipti. Þegar ég vil styrkja tengslin við einhvern í hópnum snyrti ég feldinn á honum eða leik mér í leikjum eins og glímu og eltingaleik.

Viðkvæmir en ekki í hættu

Lítill hættu er á að við deyjum út þar sem við erum nokkuð seig og aðlögunarhæf dýr. En eftir því sem byggðir manna færast lengra inn í óbyggðir verða fleiri árekstrar. Það leiðir til lífshættulegra átaka við bændur sem vilja ekki að við tökum uppskeru þeirra eða skemmum garðana. Náttúruverndarsinnar reyna að draga úr þessu með vitundarvakningu, friðuðum svæðum og rannsóknum sem stuðla að samlífi.

Veistu hvað?

Ég er með pokakinnar sem ég geymi mat í til að éta seinna.




Vesturafrískur mjótrýndur krókódill

Ég er mjótrýndur krókódill. Þú finnur mig í ferskvatnsám og mýrum í Vestur-Afríku. Ég er þekktur fyrir mjótt trýni sem hjálpar mér að hreyfa höfuðið hraðar í vatni til að veiða fiska.

Beinhörð húð

Eins og allir krókódílar hef ég litlar beinplötur í húðinni til að verja mig fyrir meiðslum. Flestir krókódílar hafa þessa brynju aðeins á bakinu og hliðunum en ég hef hana líka á maganum. Það er vegna þess að ég bý í grunnum skógarám þar sem hættan á að rekast á beitta hluti er meiri en í stærri ám. Þessi alhliða brynja gerir mig aðeins hægari í vatninu, en þar sem ég læðist alltaf að bráð minni hefur það ekki mikil áhrif.



Þyngd: 80–140 kg



Lengd: 2–4 m



Fjöldi afkvæma: 13–27 egg



Fæða: Kjötæta (aðallega fiskur)



Æviskeið: 50 ár

Heimild: Nordens Ark

Ótti við vatnsmengun

Vatnsmengun í ám og votlendi vegna landbúnaðar og þéttbýlismyndunar er orðin veruleg ógn. Mengunin ásamt of mikilli fiskveiði, veiðum og loftslagsbreytingum veldur því að tegund mín er í bráðri útrýmingarhættu.

Veistu hvað?

Þegar ungarnir mínir eru tilbúnir að klekjast úr eggjunum gefa þeir frá sér tíst til að láta mig, móður sína, vita að það sé tímabært að hjálpa þeim niður að vatninu.



Hafahafa-kameljón

Ég er hafahafa-kameljón og er ein af þeim kameljónategundum í Afríku sem eru í mestri útrýmingarhættu. Ég bý á Madagaskar, eins og meira en helmingur allra kameljóna.

Tilfinninganæmur hamskiptingur

Orðið kameljón er oft notað til að lýsa einhverjum sem er góður í að aðlagast mismunandi aðstæðum og umhverfi. En öfugt við það sem margir halda þá skipti ég ekki litum til að fela mig. Litabreytingin ræðst frekar af skapi mínu og er leið til að stjórna líkamshitanum, þar sem ljósir litir endurkasta hita á meðan dökkir litir draga hann í sig. Þegar ég er afslappað er ég (aðallega) grænt en þegar ég er stressað eða spennnt verð ég brúnni eða svartari.

Innbyggðar græjur

Ég er með stór, útstæð augu sem hreyfast hvert óháð öðru. Þetta gefur mér 360 gráðu sjónsvið þegar ég er á veiðum. Til að læðast að bráðinni hreyfi ég mig hægt með óreglulegum, vaggandi hreyfingum og þegar ég kemst nógu nálægt skýst langa, klístraða tungan mín út og grípur grunlaust skordýrið.

Djöfull í dulargervi?

Samkvæmt sumri afrískri hjátrú er ég slæmur fyrirboði. Að sjá mig er eins og að sjá djöfulinn. Mörg kameljón eru drepin vegna þessa. Önnur deyja vegna eyðingar búsvæða.

	Þyngd: 20–50 grömm
	Lengd: 10–15 cm
	Fjöldi afkvæma: 10–20 egg
	Fæða: Kjötæta
	Æviskeið: 3–5 ár

Heimild: Nordens Ark

Veistu hvað?

Tungan mín getur farið úr 0 í næstum 100 km/klst. á einum hundraðasta úr sekúndu. Það er hraðar en geimskutla!



Saurbjalla

Ég er saurbjalla. Kraftmikil og sterk, svört og brún bjalla. Ég er kannski lítil en ég er mjög mikilvæg. Reyndar myndi líklega allt vistkerfi gresjunnar hrynja án mín.

Frjóvgari jarðvegsins

Þegar stór dýr eins og fílar eða nashyrningar kúka skynja mögnuðu fálmararnir mínir það strax og leiða mig á staðinn. Með skóflulaga framfótunum gref ég upp skítinn og móta hann í fullkomlega hringlaga kúlu á stærð við vínber. Síðan ýti ég kúlunni aftur á bak með afturfótunum ofan í holu þar sem ég verpi eggjum og hún verður að fæðu fyrir lirfurnar mínar þegar þær klekjast út. Þetta dreifir líka fræjum og skilar næringarefnum aftur í jarðvegin sem hjálpar plöntum að vaxa. Heilbrigðu plönturnar verða síðar að fæðu fyrir grasætur og styðja við alla fæðukeðju gresjunnar.

Veistu hvað?


Ég er eina skordýrið sem getur ratað eftir sólinni og stjörnunum.



© Inter IKEA Systems B.V. 2025

-  **Þyngd:** 10–20 g
-  **Lengd:** 1–3 cm
-  **Fjöldi afkæma:** 10–1.000 egg
-  **Fæða:** Grotæta
-  **Æviskeið:** Óvíst, en líklega 4–12 mánuði

Heimild: Nordens Ark



Bláa Karkloof-fiðrildið

Ég er bláa Karkloof-fiðrildið. Ég er þekkt fyrir djúpbláa vængi með dökkbrúna útlínur en neðri hlið vængjanna drapplit og því er efitt að þekkja mig þegar ég er ekki að þenja út vængina. Ég er sjaldgæft og finnst aðeins í miðhémuðum KwaaZulu-Natal í Suður-Afríku.

Glæsilegt en viðkvæmt

Ég er frekar vandlátt á mat og heimili. Ég verpi eggjum aðeins í greinar og laufblöð indigofera-plöntunnar og lirfurnar mínar éta líka laufblöð hennar. Því miður hafa aðrar ágengar plöntur tekið yfir og búsvæði mitt minnkar eftir því sem meira landi er umbreytt með brennum til að rýma fyrir landbúnaði. Nú er aðeins um 1% af landinu eftir mínum þörfum. Við sem tegund verpum aðeins einu sinni á ári svo það væri mjög auðvelt að útrýma okkur. Sem betur fer er unnið að aðgerðum til að vernda búsvæði mitt og uppáhaldsplöntuna mína. Einnig er reynt að passa upp á heimkynni okkar verði ekki fyrir brennum þegar við erum á púpustigi.

Veistu hvað?

Þú sérð mig aðeins á flugi frá mars til apríl. Aðra mánuði er ég aðeins til sem egg, púpa eða lirfa.



Þyngd: Minna en 1 g



Lengd: 30–40 mm



Fjöldi afkvæma: 12–100 egg



Fæða: Jurtaæta (safi úr blómum)



Æviskeið: 1–3 vikur

Heimild: Nordens Ark



Samstarf okkar við Nordens Ark

Við hjá IKEA vinnum með náttúruverndarmiðstöðinni Nordens Ark; einkarekinni sjálfseignarstofnun sem einbeitir sér að náttúruvernd, ræktun og eldiskilyrðum auk rannsókna og fræðslu. Með hjálp þeirra höfum við öðlast dýpri innsýn í þær verndunaraðgerðir sem þarf til að varðveita dýralíf og hvernig við getum öll lagt okkar af mörkum.

Við ætlum að veita þeim stuðning næstu ár með styrkjum og fræðslu og með því að vekja athygli á dýrategundum í útrýmingarhættu. Með dýrmætri sérþekkingu Nordens Ark munum við einnig halda áfram að þróa nýjar vörur sem vekja upp forvitni um jörðina okkar, náttúruna og öll þau undursamlegu dýr sem hér búa.



Áhugi á náttúruvernd

Dýrin í náttúrunni eru kannski langt í burtu en það er margt sem þú getur gert til að hjálpa þeim, meira að segja heima hjá þér. Þú hefur þegar tekið fyrsta skrefið með því að fræðast meira um dýrin og skilja erfiðleika þeirra. Hér eru nokkur fleiri dæmi um hvernig þú getur hjálpað:

Verndaðu náttúruna

Það mikilvægasta sem þú getur gert fyrir allt dýralíf er að vernda búsvæði þeirra. Gættu þess að ganga vel um náttúruna og skildu aldrei eftir rusl sem gæti skaðað dýr. Það er líka gott að leyfa villiblómum að vera í friði á einum bletti í garðinum eða útbúa hreiður og vatnsskálar fyrir fugla og skordýr.



Varðveittu villtu dýrin

Villt dýr eru ekki okkar eign. Þau eiga sínar eigin fjölskyldur og heimili og það á ekki að knúsa þau. Til þess höfum við mjúkdýr. Dýraungar líta kannski út fyrir að vera einir og yfirgefnir en oft eru mæður þeirra nálægt eða á leiðinni til baka og nærvera okkar gæti verið það sem heldur þeim frá. Ef þú ert ekki sérfræðingur í villtum dýrum ættirðu heldur ekki að gefa þeim að borða. Röng fæða getur haft banvænar afleiðingar fyrir villt dýr. Til dæmis lifa flestir fuglar á skordýrum og ef þeim er gefið brauð getur það valdið því að meltingarkerfi fuglsunga gefi sig.



Hvað hefur þú lært?

Prófaðu þekkingu þína á afrísku gresjunni og svaraðu spurningunum.



1

Hversu stór hluti af yfirborði jarðar er þakinn gresju?



Hvað er grasæta?

3

Af hverju eru fílar svona mikilvægir á gresjunni?

4


Hvaða dýri líkist blettatígurskettlingurinn til að blekkja rándýr?

5

Hvaða dýr er ónæmt fyrir sporðrekaeitri?


6

Hvernig er tungan í gíröffum á litinn?



7

Hvar býr meira en helmingur allra kameljóna?




8

Hversu hratt getur flóðhestur synt?

9

Hvaða dýr ratar eftir sólinni og stjörnunum?



10

Í hvaða tveimur mánuðum ársins er hægt að sjá bláa Karloof-fiðrildið á flugi?

11

Hvert þessara 11 dýra sem hér eru talin upp lifir lengst?

12

Hvaða getur þú gert til að hjálpa dýralífinu?



8. Platspurning, þeir geta ekki synt!
9. Saurbjallan.
10. Mars og apríl.
11. Vesturafríski mjótrýndi krókóðillinn getur orðið 50 ára gamall.
12. Vernda náttúruna og varðveita villt dýr.

1. 20%.
2. Dýr sem borðar plöntur.
3. Þeir sjá öðrum fyrir mat og vatni með því að grafa eftir vatni og ryðja niður trjáam.
4. Hunangsgreifinn.
5. Jarðkötturinn.
6. Svarblá.
7. Á Madagaskar.

Svör!



Leiktu og lærðu með villtum dýrum!

© Inter IKEA Systems B.V. 2025

